

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 119/88*  
*komudagur 8/16 1995*

**Umsögn Ágústs Einarssonar og Lúðvíks Bergvinssonar  
til efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga  
um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.**

Landbúnaðarnefnd hefur fjallað um þingmálið á fimm formlegum fundum. Í umsögn meiri hluta nefndarinnar er listi yfir viðmælendur nefndarinnar.

Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. eftirfarandi: „Reglur GATT eru jafnréttisreglur sem ætlað er að stuðla að frjálsari viðskiptaháttum og aukinni samkeppni en banna þó ekki vernd fyrir innanlandsframleiðslu.“

Einn mikilvægasti þáttur frumvarpsins er ákvörðun um tolla á landbúnaðarvörur. Meginhugsun GATT-samninganna er að tryggður verði lágmarksinnflutningur í anda framangreindrar tilvitnunar. Jafnframt er ljóst að íslenskum landbúnaði verður að tryggja ákveðna vernd við aðlögun að breyttum aðstæðum.

Á fundum nefndarinnar kom m.a. fram það sjónarmið Neytendasamtakanna og forsvarsmanna Bónus og Hagkaups að tollar í frumvarpinu væru það háir að nær enginn innflutningur mundi eiga sér stað. Vísuðu þessir aðilar til dæma um raunverulegt innkaupsverð á matvælum erlendis.

Eitt af vandkvæðum GATT-samningsins er að við útreikning tolla er miðað við heimsmarkaðsverð sem í fjölmörgum tilvikum er mjög erfitt að bera saman við raunverulegt verslunarverð vöru. Í frumvarpinu eru lagðir til grundvallar alþjóðlegir verðlistar sem eru notaðir í alþjóðlegum samningum en það verð er oft langt undir því verði sem vara er keypt og seld á í almennum viðskiptum fyrirtækja milli landa og innan landa.

Mjög mikilvægt við ákvörðun tolla í frumvarpinu að þeir verði ekki ákveðnir svo háir að nær óbreytt ástand verði fyrir og eftir samþykkt frumvarpsins.

Tekið er undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Bændasamtaka Íslands, að verðforsendur fyrir útreikning tollverndar byggist ekki nema að litlu leyti á reynslutölum og mikil óvissa sé um það hvert verði vöruval og verðlag á ýmsum flokkum er til innflutnings kemur.

Þess vegna er því beint til efnahags- og viðskiptanefndar að hún kanni þessi mál ítarlega og geri tillögur um lækun tolla, einkum hvað varðar lágmarksinnflutning ef sýnt þykir að tollar frumvarpsins séu of háir.

Vakin er athygli á málefnum garðyrkjubænda, svo og innflutningi á plöntum, svo sem skrautplöntum og o.fl. þess háttar. Því er beint til efnahags- og viðskiptanefndar að skoða þau mál sérstaklega.

Tekið er undir sjónarmið meiri hluta nefndarinnar þar sem fjallað er um málefni tengd innflutningi á ís.

Í nefndinni var nokkuð rætt um breytingar á 24. gr. frumvarpsins og er hér lagt til að á eftir lokamálslið 3. mgr. 24. gr. komi nýr málsliður sem orðist svo:

„Áður en nefndin gerir tillögur samkvæmt framansögðu skal leita umsagna Bændasamtaka Íslands, Neytendasamtakanna og hlutaðeigandi hagsmunaaðila inn- eða útflytjenda.“

Tekið er undir sjónarmið meiri hluta nefndarinnar þar sem talið er að nauðsynlegt kann að vera að endurskoða væntanleg lög í ljósi fenginnar reynslu.

Reykjavík, 8. júní 1995.

*Ágúst Einarsson.*  
*Lúðvík Bergvinsson.*